

## Erindi til fræðslu- og æskulýðsráðs varðandi sumarlokun leikskóla

**Til** : Vesturbyggð <Vesturbyggd@vesturbyggd.is>  
**Frá** : Lilja Sigurðardóttir <liljaiceland@gmail.com>  
**Heiti** : Erindi til fræðslu- og æskulýðsráðs varðandi sumarlokun leikskóla  
**Málsnúmer** : 2208046  
**Málsaðili** : Lilja Sigurðardóttir  
**Skráð dags** : 30.08.2022 00:00:00  
**Höfundur** : Lilja Sigurðardóttir <liljaiceland@gmail.com>

Góðan dag

Sem foreldri 2ja barna sem hafa verið í Leikskóladeild Patreksskóla þá langar mig að koma með tillögu um að sumarlokun leikskóla/leikskóladeildar verði miðuð við skólabyrjun, þ.e. frá miðjum júlí til ca 20.ágúst ár hvert.

Síðustu ár hefur sumarlokun verið rúllandi, og var það fyrirkomulag samþykkt til nokkurra ára en mér skilst að það sé kominn tími á að endurskoða það og því bið ég um að það verði tekin til greina sú breyting sem hefur átt sér stað varðandi opnun leikskóladeildar og tilfærslu nemenda frá Arakletti yfir á Klif. Að mínu mati skapar það mikið flækjustig að hafa nemendur í einskonar millibilsástandi sem myndast þegar sumarlokun er í júní eða júlí, og oft skapar það mikið álag á nemendur, starfsfólk og foreldra. Ég tel að það væri góð lausn að samræma skólabyrjun á öllum skólastigum.

Með vinsemd og virðingu  
Lilja Sigurðardóttir